



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

## Landbúnaðar og girðinganefnd

### 1. fundur.

Fundur haldinn í landbúnaðar- og girðinganefnd 7. júlí 2014

Mættir: Guðrún María, ÁlfdíS Sigurveig, Jón Ingi, Karl Sigbór, Guðrún Sigríður, Jónas Pétur, Egill Arinbjörn, Halldór, Sólveig Erla, Sigurður Guðni, Böðvar og Ingibjörg.

- 1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.**
- 2. Vinnsla nýrrar landbótaráætlunar sbr. bréf Landgræðslu ríkisins frá 20. júní 2014.**

Gerð nýrrar áætlunar skal lokið fyrir 1. okt 2014 og gott ef menn færu að hefja vinnu við hana. Ef það verður ekki gert detta álagsgreiðslur ríkisins niður. Fundarmenn almennt ósáttir við vinnukort Landgræðslunnar af Austurafrétti og því ákveðið að skipa nefnd 3 upprekstaraðila, þeirra Sólveigu Erlu, Halldórs og Egils ásamt formanni landbúnaðarnefndar sem fari til viðræðna við Landgræðsluna og geri tillögu um nýja landbótaráætlun.
- 3. Fyrirkomulag fjallskila - réttardagur í Hlíðarrétt.**

Samþykkt að næstu 4 árin verði réttað fyrsta sunnudag í september, sem ber þetta ár upp á 7. september.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl 21.40

Böðvar Pétursson  
Halldór Árnason  
Sólveig E. Hinriksdóttir